

henni einnig vera ljóst eftir öllum aðstæðum, að stefndi Ingbór hafði ekki beina heimild eiganda bifreiðarinnar til akstursins. Þrátt fyrir allt þetta fór hún sjálfviljug í greinda akstursferð með stefnda Ingbór Arnari. Með háttarni sínu verður að telja, að stefnandi hafi gerst meðábyrg í gerðum stefnda Ingbórs Arnars og sjálfviljug tekið á sig þá áhættu, sem því fylgdi. Þá er þess að geta, að stefndi Ingbór slasaðist sjálfur við útafaksturinn, og verulegt tjón varð á bifreiðinni.

Að öllu framangreindu virtu þykir stefnandi ekki eiga rétt til bóta úr hendi stefnda Ingbórs Arnars í máli þessu þrátt fyrir almenna skyldu stefnda Ingbórs til að bæta tjón, er af verknaði hans hlaut, samkvæmt almennum reglum bótaréttarins.

Ber því einnig að sýkna stefnda Ingbór Arnar af kröfum stefnanda í máli þessu.

Niðurstaða dómsins er því sú, að sýkna beri alla hina stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir með hliðsjón af málsatvikum öllum, að hver aðilja beri sinn kostnað af málinu.

#### Dómsorð:

Stefnda, Birna Sigurvinsdóttir f. h. ólögráða sonar síns, Ingbórs Arnars Sveinssonar, Axel Arnar Nielsson og Sjónváttryggingarfélag Íslands h/f, eiga að vera sýkn af kröfum stefnanda, Hólmfríðar Hrannar Ingvarsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

---

Miðvikudaginn 19. apríl 1978.

Nr. 77/1978. **Ákærvaldið**  
 gegn  
**Lárusi Svavarssyni.**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Magnús Þ. Torfason.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 14. apríl 1978, er barst Hæstarétti 17. s. m., í því skyni, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur.

Í máli þessu hefur því verið lýst af hálfu ríkissaksóknara og verjanda, að greinargerðir muni eigi verða ritaðar í málinu.

Rannsókn á broti því, sem varnaraðili er sakaður um og grein er gerð fyrir í hinum kærða úrskurði, er nokkuð á veg komin, en rannsóknarnauðsynjar bjóða þó, að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi enn um hríð, eða allt til 15. maí n.k., sbr. 1. tölulið 67. gr. laga nr. 74/1974.

#### D ó m s o r ð :

Varnaraðili, Lárus Svavarsson, sæti gæsluvarðhaldi allt að 15. maí 1978.

#### Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 14. apríl 1978.

Ár 1978, föstudaginn 14. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Ágúst Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir.

Miðvikudagskvöldið 12. þ. m., kl. 2145, var lögreglan í Reykjavík kvödd að Hrístateigi 5 hér í borg. Í kjallaraíbúð þar fundu lögreglumenn tvo menn liggjandi í blóði sínu. Voru menn þessir fluttir í sjúkrahúsið á slysadeild Borgarspítalans, og reyndust áverkarnar á öðrum m. a. vera nefbrot, andlitsbein brotið og tennur lausar og brotnar. Meðal áverka á hinum voru skurðir á hvirfli, neðan við hægra auga og á handlegg. Báðir voru mennirnir bólgnir í framan og með glóðaraugu.

Kærði í máli þessu hefur viðurkennt að hafa ásamt 5 félögum sínum farið inn í fyrrgreinda íbúð með þeim ásetningi að ráðast á mennina tvo, sem þar búa, vegna þjófnaðar og ógnana þeirra í garð tveggja félaga kærða sl. laugardagskvöld.

Með kærða voru umrætt sinn þeir Birgir Guðmundsson, Kleppsvégi 6, Ottó Eðvarð Pálsson, Nýlendugötu 12, báðir í Reykjavík, Halldór Pétursson, Árni Hrafnsson og Ásgeir Örn Gunnarsson.

Kærði hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa veitt öðrum mann-

anna hnefahögg í andlitið, en kveðst ekki hafa tekið þátt í aðförinni að hinum.

Þeir Birgir Guðmundsson og Ottó Eðvarð Pálsson hafa báðir viðurkennt að hafa tekið þátt í árásinni á mennina tvo. Eru framburðir þeirra ósamhljóða, og ber hvorugum saman við framburð kærða í veigamiklum atriðum.

Þeirra Árna Hrafnssonar, Ásgeirs Arnar Gunnarssonar og Halldórs Péturssonar er nú leitað af lögreglu, en til þeirra hefur ekki náðst til að yfirheyra þá.

Kærði hefur á síðustu 9 árum hlotið 11 refsíðoma fyrir brot gegn almennum hegningarlögum. Hinn 17. nóvember f. á. höfðaði ríkissaksóknari opinbert mál á hendur kærða fyrir nokkur hegningarlagabrot, og er það mál ódæmt. Þá eru til rannsóknar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins nokkur mál, sem kærði er grunaður um aðild að, og er rannsókn þeirra mála ólokið.

Með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. og 5. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga 74/1974 þykir rétt að taka kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins til greina og ákveða, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 31. maí nk., kl. 1700.

Brot það, sem kærði er grunaður um, getur varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt XXIII. kafla almennra hegningarlaga, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu eigi til fyrirstöðu.

#### Úrskurðarorð:

Kærði, Lárus Svavarsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 31. maí nk., kl. 1700.

---